

ÞÝSK1HT05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2020



Kennari	Anke-María Steinke	Sk.st.	AMS
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Framhaldsáfangi þar sem áframhaldandi áhersla er lögð á að nemandinn bæti við undirstöðuatriði tungumálsins. Þjálfun í lesskilningi aukin ásamt dýpkun á samskiptabáttunum tali, hlustun og ritun. Markvisst er bætt við orðaforða og málnotkun aukin, þar sem áhersla er lögð á réttan framburð og skilning þannig að nemandi m.a. lesið og skilið stutta texta, tjáð sig skriflega og munnlega um efni sem tengjast athöfnum daglegs lífs. Hluti námsins er kynning á siðvenjum þýskumælandi landa með sérstöku tilliti til jafnréttis og sköpunar. Áhersla er lögð á frumkvæði nemandans og að hann beri ábyrgð á eigin námi.

Forkröfur:

ÞÝSK1RL05 eða sambærilegur áfangi

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðeigandi orðaforða áfangans
- grundvallarþáttum þýska málkerfisins
- framburði
- samskiptavenjum, menningu og siðvenjum þýskumælandi þjóða

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja fyrirmæli og setningar sem tengjast daglegum athöfnum
- skilja leiðbeiningar og fyrirmæli
- skilja þegar fjallað er um atburði daglegs lífs
- skrifa stutta texta í nútíð, framtíð og liðinni tíð
- óska eftir upplýsingum og geta veitt þær
- greina lykilatriði í texta
- tjá sig skriflega og munnlega um kunnugleg efni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta viðeigandi mál- og samskiptavenjur við mismunandi aðstæður
- útskýra siðvenjur þýskumælandi landa
- koma á framfæri eigin skoðun, þekkingu og tilfinningum
- velja námsaðferðir við hæfi
- meta eigið vinnuframlag og framfarir í málinu
- sýna aga, metnað, sjálfstæð vinnubrögð og jákvæðni

Námsgögn:

lesbók

Netzwerk A1
München: Langenscheidt 2012
ISBN 978-3-468-46800-1

vinnubók

Netzwerk A1
München: Langenscheidt 2013

léttlestrarbók

Anna, Berlin
Ismaning: Hueber 2013
ISBN 978-3-19-101022-5

Áætlun um yfirferð:

Náminu er skipt niður í 12(+1) vikur. Í hverri viku þarf að sinna heimaverkefnum í KB (lesbók) og AB (vinnubók). Jafnframt þarf að leysa tilskilin Moodle verkefni til að öðlast próftökurétt og vetrareinkunn.

Gert er ráð fyrir að nemandinn klári hvern vikupakka innan 7 daga. Fyrir fyrsta vikupakkann eru áætlaðar tvær vikur, þar sem nemandinn þarf hugsanlega lengra tíma til að útvega sér námsgögnin og kynna sér námið. Sömuleiðis eru verkefni opin í lengra tíma yfir páskafríð.

Til að skapa svigrúm vegna hugsanlegra veikinda eða fjarveru nemanda eru öll verkefni höfð opin í hálfan mánuð, þ.e.a.s. 7 dagar fram yfir ætlaðan skiladag.

Ath. að lengri frestur en svo er ekki veittur.

Opnun og lokun skilaverkefna kemur skýrt fram á Moodle.

BÝSK1HT05 fjarnám Námsáætlun vorönn 2020



Verkenntaskólinn á Akureyri

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 3,4	Upprifjun	Kynna sér efni og skipulag áfangans sbr. Námsleiðbeiningar: „Námsgögnin og námið“ og „Unterrichtssprache“ Lesna námsefni fyrsta verkefnis: Námsleiðbeiningar , Woche 1, Wiederholung	Skilaverkefni 1 2,5%
Vika 5	Kafli 6	Námsleiðbeiningar , Woche 2, Kapitel 6	Skilaverkefni 2 2,5%
Vika 6	Kafli 6	Námsleiðbeiningar , Woche 3, Kapitel 6 Wortschatz , Kapitel 6	Skilaverkefni 3 2,5%
Vika 7	Plattform 2	Námsleiðbeiningar , Woche 4, Plattform 2	Skilaverkefni 4 2,5%
Vika 8	Kafli 7	Námsleiðbeiningar , Woche 5, Kapitel 7	Skilaverkefni 5 2,5%
Vika 9	Kafli 7	Námsleiðbeiningar , Woche 6, Kapitel 7 Wortschatz , Kapitel 7	Skilaverkefni 6 2,5%
Vika 10	Kafli 8	Námsleiðbeiningar , Woche 7, Kapitel 8	Skilaverkefni 7 2,5%
Vika 11	Kafli 8	Námsleiðbeiningar , Woche 8, Kapitel 8 Wortschatz , Kapitel 8	Skilaverkefni 8 2,5%
Vika 12	Kafli 9	Námsleiðbeiningar , Woche 9, Kapitel 9	Skilaverkefni 9 2,5%
Vika 13	Kafli 9	Námsleiðbeiningar , Woche 10, Kapitel 9 Wortschatz , Kapitel 9	Skilaverkefni 10 2,5%
Vika 14	Anna, Berlin	Námsleiðbeiningar , Woche 11 og Vokabeln Anna, Berlin	Skilaverkefni 11 2,5%
Vika 16	Plattform 3	Námsleiðbeiningar , Woche 12, Plattform 3	Skilaverkefni 12 2,5%
Vika 18	Upprifjun	<u>M.a.</u> Námsleiðb. : Prüfung; Wortschatz : Kapitel 6-9 og Anna, Berlin.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skilaverkefni á Moodle	12 skilaverkefnispakkar sem samanstanda af mismunandi verkefnum úr köflunum náms- og léttlestrarbókar.	30%	
Lokapróf - tekið án orðabóka	Skriflegt lokapróf úr efni annar. Til þess að skilaverkefni teljist til lokaeinkunnar þarf nemandi að ná amk. 40 af 100 mögulegum stigum úr skriflega lokaprófinu. Standist nemandi ekki þessar kröfur verður prófeinkunn lokaeinkunn og þýðir fall í áfanganum.	70%	
	Samtals:	100%	
<p>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í Innu (og fyrir skilaverkefni líka á Moodle). Annað: Til þess að öðlast próftökurétt þarf nemandi að hafa skilað amk. 75% skilaverkefna (sbr. mætingarkröfu í dagskóla). Til þess að skilaverkefni teljist til lokaeinkunnar þarf nemandi að ná amk. 40 af 100 mögulegum stigum úr skriflega lokaprófinu. Standist nemandi ekki þessar kröfur verður prófeinkunn lokaeinkunn og þýðir fall í áfanganum.</p>			

Dagsetning: 14.1.2020

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils